



## Fundur félags skógareigenda á Suðurlandi með Uppbyggingarsjóði SASS

Haldinn á Selfossi 17. febrúar 2017 kl. 13

María E. Ingvadóttir formaður FsS setti fundinn og bauð 24 fundarmenn velkomna. Nú yrði mikilvægt skref stigið hjá Félagi skógareigenda með undirritun samstarfssamnings við Uppbyggingarsjóð Sambands sunnlenskra sveitarfélaga sem mun veita félaginu styrk sem nemur kr. 6.000.000. Styrknum verður varið til að kanna, kortleggja og skrá hugsanlegar afurðir úr skógum á Suðurlandi, hverjar væru markaðsaðstæður og sölumöguleikar afurða skógarbænda. Á niðurstöðum þeirrar vinnu verður tekin ákvörðun um hvort grundvöllur sé fyrir stofnun rekstrarfélags til að annast afurða-, markaðs- og sölumál skógarafurða.

Nú þegar og enn frekar í næstu framtíð fellur til grisjunar- og bolviður sem brýnt er að geta unnið verðmæti úr. Með samstilltu átaki mun skógarbændum á Suðurlandi takast að byggja upp öfluga atvinnugrein. Áformum stjórnvalda um stóraukna skógrækt verður væntanlega fylgt eftir af Skógræktinni sem við munum taka þátt í. Eins er markmiðið um aukna kolefnisbindingu og útfærsla þess nokkuð sem skógarbændur vilja koma að með virkum hætti.

Bændur, sem fram til þessa hafa eingöngu verið í hefðbundnum búskap, þarf að hvetja og styrkja til að hefja skóg- og skjólbeltarækt, nýta þannig óræktað land, heppilegt undir skógrækt og notfæra sér markvisst að skóg- og skjólbeltarækt hækkar hitastig umhverfisins til hagsbóta fyrir ræktun og búsmala. Jafnframt þarf að hvetja þá bændur, sem þegar hafa hafið skógrækt, að auka hana.

Skógarbændum þarf að standa til boða meiri fræðsla, stutt námskeið og skoðunarferðir. Þeir þurfa aðgang að heimasíðu, þar sem verða allar grunnupplýsingar og upplýsingar um afurða- og markaðsmál. Taka þarf mið af aðstæðum á hverju landsvæði og hverjum ræktunarstað við val á plöntum og nýta til hins ítrasta þá þekkingu, reynslu og eftirfylgni sem þegar er fyrir hendi. Skógarbændur vita að afurðir skógarins eru bæði háðar plöntugæðum og gæðum vinnu þeirra við nýskógrækt og umhirðu skógarins.

Markmið skógarbænda á að vera að skógrækt og gæði skógarafurða verði sem mest og best, umhverfisvæn og umhverfismiðuð þannig að landið fái þá umhyggju og örfun sem best má vera. Jafnframt á að vera markmiðið að skógarbændur fái góðar tekjur af skógræktinni, sem verði uppbyggð og skipulögð á hagkvæman hátt.

Fyrir hönd skógarbænda vill formaður þakka þeim, sem standa að Uppbyggingarsjóði, fyrir að sýna FsS það traust og tiltrú, sem fylgir þessum samningi. Skógareigendur munu gera sitt til að standa undir því trausti og hafa þá vissu að leiðarljósi, að innan nokkurra ára verði skógariðnaður með öflugri atvinnugreinum á Suðurlandi.

Samstarfssamningurinn var því næst undirritaður af Hrafnkatli Guðnasyni, f.h. Uppbyggingarsjóðs, og Maríu E. Ingvadóttur, f.h. Félags skógareigenda á Suðurlandi. Vottar voru Þórður Freyr Sigurðsson hjá SASS og Björn B. Jónsson hjá Skógræktinni.

Þórður Freyr Sigurðsson hjá SASS, sviðstjóri þróunarsviðs heldur utan um fjárveitingar til verkefnisins. Hann kvað sóknaráætlun Suðurlands vera byggðaáætlun fyrir uppbyggingarsjóð Suðurlands og þróunarverkefni. Þetta verkefni, sem er í raun stuðningur við heila atvinnugrein á upphafsstigum hennar, er ekki hefðbundið verkefni, heldur sértækt áhersluverkefni og mikilvægt að hafa viðlíkt fyrirtæki sem stefnt er að á svæðinu. Hrafnkell, sem er starfsmaður Háskóla Suðurlands, hefur unnið með Maríu, Birni B. Jónssyni og Þórði við mótun samstarfssamningsins og mun vinna áfram að verkefninu.



Björn B. Jónsson lýsti ánægju sinni með þennan mikilvæga dag. Skógræktin sé ný og framsækin stofnun sem tók að fullu til starfa um áramótin. Markmiðið sé að byggja upp samstarf innan skógargeirans til að samhæfa getu á sviði markaðs- og sölumála með áherslu á að tryggja að markaðshlutdeild íslenskrar framleiðslu haldist í takti við aukna framleiðslu timburs og annarra skógarafurða. Skógræktin gegni einkum frumkvæðis- og samræmingarhlutverki á þessu sviði og dragi sig hvorki og snemma né of seint til hlés þegar markaður hefur myndast.

Markmið Skógræktarinnar er að efla þekkingu, þróa tækni og aðferðir á allri virðiskeðju skógarafurða, frá skógi til neytenda.

Björn er sem starfsmaður Skógræktarinnar ráðinn til að sinna afurða- og markaðsmálum.

Með samningnum í dag sé í fyrsta sinn fjármagn til að sinna þeim málum á Suðurlandi.

LSE hafi fengið í fyrsta sinn styrk í gegnum Búvörusamninginn til að sinna þessum málaflokki.

Stýrihópur um afurða- og markaðsmál á vegum LSE og Skógræktarinnar kom í fyrsta sinn saman 16.2.

Ný skýrsla um markaðs- og sölumál á Héraði mun koma öðrum landshlutum að góðu gagni í þeirri greiningarvinnu sem framundan er.

Þessa dagana er verið að mæla sunnlenska skóga, ljóst er að vöxtur frá aldamótum hefur verið mun meiri en gert var ráð fyrir. Um 30.000 rúmmetrar af timbri geta orðið til fram til ársins 2030, sem fullunnin vara er það nálægt tveggja milljarða virði.

Björn ráðlagði skógarbændum á Suðurlandi að mynda starfshóp sem leggur á ráðin um framhaldið. Jafnframt verði ráðinn hæfur einstaklingur til að taka saman og halda utanum staðreyndir um viðarmagn, viðartegundir, úrvinnslumöguleika og aðra mikilvæga þætti í undirbúningi á timburúrvinnslu.

Einnig þarf að fara rækilega yfir kostnað við skógarhögg og útkeyrslu viðar úr skógi. Sá kostnaður þarf að lækka til að skógarbændur telji fjárhagslega eftirsóknarvert að ná í efni inn í skóginn.

Próstur Eysteinnsson skógræktarstjóri kveður athugun á skógum á Eyjafjarðarsvæði og á Héraði staðfesta tölur Björns. Umrætt viðarmagn muni að mestu falla til á seinustu 5 árum tímabilsins, vel þarf að vinna núna við skipulagningu.

Tvöfalda þarf núverandi upphæð sem varið er til skógræktar, úr 225 milljónum í 500 milljónir, til að ná því fjármagni sem varið var til gróðursetningar fyrir hrún.

Síðan koma markaðsmálin. Helstu kaupendur kurls á næstunni, Elkem og Bakkaverksmiðjan, þurfa um 60 þúsund rúmmetra á ári, en langt er í að við getum fullnægt þeim markaði, sem borgar núna bærilega, en gengismál hafa áhrif á verðlagið. Kurlarar eru sérhæfðir miðað við grófleika framleiðslu.

Hrönn Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri LSE gladdist yfir styrknum. Nýi stýrihópurinn um afurða- og markaðsmál er skipaður 6 manna teymi, til helminga frá Skógræktinni og LSE.

Nokkur umræða var um samstarf við handverksfólk. Margt gott er verið að gera á landsvísu, skapa mikil verðmæti úr litlu viðarmagni. Mikilvægt er að þekkja vel þær viðartegundir sem handverksmenn nota. Björn er byrjaður að lista upp þá aðila sem eru að nýta skóginn að einhverju leiti. Ýmsum finnst kurl ekki fýsileg afurð, unnt væri að nota boli í einfaldar byggingar svo sem grill-eða skoðunarskýli. Leita þurfi til arkitekta og hugmyndasmiða. Þegar hafa verið byggð nokkur hús úr íslensku timbri og hjá Lbhí hefur þegar verið reiknað út beygju- og burðarþol íslensks viðar.